# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Desember 2025

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag




| Nóv. 2025 | 31,1% | 19,5% | 16,5% | 12,8% | 5,6% | 5,2% | 3,3% | 3,2% |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Okt. 2025 | 31,9% | 16,3% | 17,6% | 13,5% | 5,5% | 5,9% | 3,9% | 2,6% |
| Kosningar 2024 | 20,8% | 12,1% | 19,4% | 15,8% | 7,8% | 13,8% | 3,0% | 2,3% |

### Stuðningur við ríkisstjórn




### Stuðningur við stjórnarflokka




### Fylgismæling - afstaða




Kosningar 2024 Okt. 2025 Nóv. 2025

## Fylgi Miðflokks eykst enn - Stuðningur við ríkisstjórnina minnkar

Helsta breyting milli mælinga er að fylgi Miðflokksins eykst um rúmlega **3** prósentustig og tæplega **20%** kysu flokkinn ef kosið yrði til Alþingis nú. Þetta er mesta fylgi sem flokkurinn hefur mælst með í Þjóðarpúlsi Gallup. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu **0,1-1,1** prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar. Liðlega **31%** kysi Samfylkinguna, tæplega **17%** Sjálfstæðisflokkinn, nær **13%** Viðreisn, tæplega **6%** Framsóknarflokkinn, rúmlega **5%** Flokk fólksins, ríflega **3%** Pírata og Vinstri græn og rúmlega **2%** Sósíalistaflokk Íslands.

Slétt **6%** myndu skila auðu eða ekki kjósa og næstum **13%** taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Nær **59%** þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina, sem er tveimur prósentustigum færri en í síðustu mælingu.

## Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 3. - 30. nóvember 2025. Heildarúrtaksstærð var 10.332 og þátttökuhlutfall var 41,8%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,5-1,5%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

**Útgefið af:** Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

**Umsjón með útgáfu:** Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

**Ábyrgðarmaður:** Guðni Rafn Gunnarsson

**© Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil enda sé heimilda getið.**